



Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og
loftslagsráðuneytið

urn@urn.is
545 8600

Skuggasundi 1,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Vera Rún Erlingsdóttir
Laufskógar 41
810 Hveragerði

Reykjavík 28. júlí 2022
Tilv.: UMH22070069/8.14

Ráðuneytið vísar til erindis yðar frá 25. júlí sl. þar sem sótt er um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi vegna niðurrifs og förgunar á asbesti í klæðningu utan á bílskúr við Laufskóga 41 í Hveragerði. Fram kemur að umsækjandi hafi réttindi til að vinna við niðurrif á asbesti. Óskað sé eftir tímabundinni undanþágu frá kröfu um starfsleyfi, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem kröfu um kynningarferli skv. 3. mgr. 7. gr. sömu laga hafi ekki verið fullnægt. Sótt sé um undanþágu vegna þess að smiðir séu svo uppbókaðir að umsækjandi sé bundinn við tiltekinn tíma til að hægt sé að fara í verkið.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I, II og IV, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Ráðherra er heimilt skv. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé m.a. komin fram fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis, sbr. 1. málsl. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Afmarka skal undanþágu við þá þætti sem nauðsyn krefur í samræmi við þá meginreglu að allur atvinnurekstur skuli hafa gilt starfsleyfi.

Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sendi ráðuneytið erindi yðar til umsagnar Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Í umsögn Umhverfisstofnunar sem barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 27. júlí 2022, segir að samkvæmt 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 705/2009 um asbestúrgang sé atvinnurekstur sem gæti haft í för með sér losun asbests út í umhverfið, þ.m.t. niðurrif bygginga, byggingarhluta eða búnaðar, starfsleyfisskyldur og veiti heilbrigðisnefnd starfsleyfi fyrir slíkri starfsemi. Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skuli útgefandi starfsleyfis vinna tillögur að starfsleyfi og auglýsa opinberlega hvers efnis þær séu og hvar megi nálgast þær. Heimilt sé að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfisins innan fjögurra vikna frá auglýsingu. Samkvæmt upplýsingum frá heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands hafi borist umsókn um starfsleyfi og starfsleyfið auglýst 18. júlí sl. og frestur til að skila athugasemdum og ábendingum sé til 15. ágúst nk. Í beiðni umsækjenda komi fram að ástæða umsóknar um tímabundna undanþágu sé sú að búið er að fá smið sem verður að vinna verkið fljótlega. Umhverfisstofnun bendi á að skilyrði fyrir undanþágu sé að rík ástæða mælir með því að hún sé veitt. Stofnunin telji að ekki sé komin fram nægilega skýr nauðsyn fyrir veitingu undanþágu frá

starfsleyfi. Stofnunin telji því æskilegra að starfsleyfisútgáfan fylgi lögmætu ferli og starfsleyfi gefið út. Stofnunin leggi til, verði undanþága veitt, að hún verði bundin tilteknum skilyrðum.

Umsógn Heilbrigðisnefndar Suðurlands barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 26. júlí sl. Fram kemur að nefndin hafi mótttekið umsókn Veru Rúnar Erlingsdóttur, kr. 040269-4879, um tímabundið starfsleyfi fyrir niðurrifi og förgunar á asbesti þann 18. júlí sl. Fram hafi komið hjá umsækjanda að það lægi á að fá starfsleyfið vegna þröngs tímaramma fyrir framkvæmdina. Umsókn sé að mati heilbrigðisnefndar fullnægjandi, móttaka og drög að starfsleyfi hafi verið auglýst samdægurs á heimasíðu embættisins. Umsækjandi hafi verið upplýstur um lögbundinn fjögurra vikna auglýsingatíma starfsleyfistillögu og að ekki megi hefja niðurrif fyrr en fyrir liggja framkvæmdaleyfi byggingafulltrúa, sé verkið framkvæmdaleyfisskilt, og að heimild Vinnueftirlitsins liggja fyrir. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hafi tekið framkvæmdastaðinn út. Ljóst sé að erfitt getur verið að tímasetja nákvæmlega verk eins og fyrirhugað er að fara í. Bæði vegna þess að meðhöndlun asbests utandyra þarf að fara fram við hentug veðurskilyrði og á sama tíma þurfa til þess hæfir iðnaðarmenn að vera til tiltækir. Samkvæmt undanþágubeiðninni hafi umsækjandi fengið sér til aðstoðar smið sem hafi takmarkað svigrúm tímanlega séð til að framkvæma verkið. Sá tími sem farið í undirbúning starfsleyfis, auglýsingu starfsleyfistillögu og gerð starfsleyfis geti því verið mjög íþyngjandi fyrir umsækjanda gefist honum tækifæri til að hrinda verkinu í framkvæmd áður en lögbundnu ferli ljúki. Jafnframt bendi nefndin á að sú starfsemi sem hér um ræði verði skráningarskyld en ekki starfsleyfisskyld frá og með 15. nóvember nk. Þegar reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur taki gildi. Tilgangur skráningarskyldu í stað starfsleyfisskyldu sé að einfalda og auka skilvirkni stjórnáráðs og þar með draga úr íþyngjandi áhrifum hins formlega ferlis starfsleyfisútgáfu. Í ljósi þess geri Heilbrigðisnefnd Suðurlands ekki athugasemdir við að umbeðin undanþága verði veitt, enda ábyrgist umsækjandi að farið verði eftir ákvæðum gildandi löggjafar og frekari fyrirmælum þar til bættu yfirvalda hvað varði framkvæmdina í heild sinni.

Um er að ræða framkvæmd sem felur í sér niðurrif og förgunar á asbesti í klæðningu utan á bílskúr við Laufskóga 41 í Hveragerði. Umsækjandi fyrirhugað að fá smið sér til aðstoðar sem hefur takmarkað svigrúm tímanlega séð til að framkvæma verkið. Í ljósi þess að fullnægjandi umsókn um starfsleyfi hefur borist til Heilbrigðisnefndar Suðurlands vegna meðhöndlunar asbests, starfsleyfi verður væntanlega gefið út eftir 18. ágúst nk., að eftir 15. nóvember nk. mun þessi starfsemi falla undir skráningarskylda starfsemi í stað starfsleyfisskyldrar starfsemi þar sem fjögurra vikna auglýsingaskylda mun ekki gilda, framangreindra umsagna Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, þess takmarkaða tíma sem umsækjandi hefur til að njóta aðstoðar smíðs og í samræmi við 1. mgr. 6. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, veitir ráðuneytið hér með Veru Rún Erlingsdóttur kt. 040269-4879 tímabundna undanþágu frá starfsleyfi vegna niðurrifs og förgunar á asbesti í klæðningu utan á bílskúr við Laufskóga 41 í Hveragerði.

Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Undanþágan nær eingöngu til niðurrifs og förgunar á asbesti í klæðningu utan á bílskúr við Laufskóga 41 í Hveragerði eins og kemur fram í umsókn um starfsleyfi.
2. Vera Rún skal fara að skilyrðum sem fram koma í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og reglugerð nr. 705/2009 um asbestúrgang sem og almennum starfsleyfisskilyrðum um mengunarvarnir og skilyrðum tímabundins starfsleyfi sem Heilbrigðisnefnd Suðurlands hefur auglýst á vef embættisins, sjá: https://hsl.is/wp-content/uploads/2022/07/timab_starfsleyfi_medhondlun_asbests_laufskogu_m41_hveragerdi_i_auglyssingu_juli2022.pdf
3. Framkvæmdin er háð eftirliti Heilbrigðisnefndar Suðurlands.
4. Tryggja skal að allir sem koma að verkinu hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem þeir gætu komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á framkvæmdastað.
5. Að lokinni framkvæmd skal Vera Rún skila niðurrifsskýrslu til Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands fer með mengunarvarnaeftirlit skv. XIV. kafla laga nr. 7/1998

með þeirri framkvæmd sem undanþágan nær til. Vera Rún ábyrgð á kostnaði af eftirliti eftirlitsaðila. Ber henni að fylgja fyrirmælum nefndarinnar um kröfur og starfshætti sem varða mengunarvarnir framkvæmdarinnar. Nefndin getur beitt þvingunarúrræðum skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998 ef frávik verða frá skilyrðum undanþágu. Vakin er athygli á að Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur gæti í eftirliti þurft að fylgja eftir kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum sem ekki koma fram í skilyrðum hér að framan, gefist tilefni til, enda hefur starfsleyfi ekki enn verið útgefið vegna starfseminnar.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur henni tengdar.

Undanþága þessi gildir þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 19. ágúst 2022. Nauðsynlegur frágangur vegna framkvæmdarinnar skal vera innan þess tímabils verði starfsleyfi ekki gefið út áður.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Kjartan Ingvarsson

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Afrit:
Umhverfisstofnun
Heilbrigðisnefnd Suðurlands